



Aðildarfélag KSÍ  
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 20. júní 2024

## Fyrirkomulag á greiðslu ferðapátttökugjalds 2024

Ágætu félagar,

Staðfest hefur verið fyrirkomulag á greiðslu ferðapátttökugjalds 2024 í samræmi við [reglugerð KSÍ um ferðapátttökugjald 2023-2028](#).

Samkvæmt reglugerðinni skulu félag sem taka þátt í Íslandsmóti meistaraflokka greiða ferðapátttökugjald, en reglugerðinni er ætlað að stuðla að auknum jöfnuði félaga gagnvart ferðakostnaði.

Ferðapátttökugjald skal reiknað af mótanefnd KSÍ árlega við upphaf keppnistímabils skv. vegalengd milli leikstaða fyrir efstu deildir karla og kvenna, 1. deild karla og kvenna, 2. deild karla og kvenna, 3. deild karla, 4. deild karla og 5. deild karla. Ferðapátttökugjaldið skal reiknað út sameiginlega fyrir allar deildir (karla og kvenna) við útreikning kostnaðar hvers liðs. Við útreikninga skal miða við kílómetragjald sem stjórn KSÍ ákveður fyrir keppislið í heild sinni. Vegalengdir milli keppisstaða eru reiknaðar miðað við akstur milli leikstaða samkvæmt uppgefnum fjarlægðum á vef Vegagerðarinnar.

Viðmiðunargjaldið fyrir **árið 2024 er 300 kr. pr. kílómetra**.

Ferðapátttökugjald hvers aðildarfélags, sem greiðist til KSÍ, er kr. 160.000,-. Nettókostnaður hvers aðildarfélags umfram kr. 160.000,- verður greiddur af KSÍ til aðildarfélaga.

**Árið 2024** skal miðað við að ferðapátttökugjald skuli greitt eigi síðar en 15. júlí. Greiði félag ekki ferðapátttökugjald innan tilsettra tímamarka skal það greiða sekt til KSÍ kr. 5.000,- pr. dag frá 17. júlí nk. til greiðsludags.

Þau félag sem eignast inneign vegna ferðapátttökugjalds í samræmi við útreikning á ferðapátttökugjaldi fyrir árið 2024 munu fá inneign greidda frá KSÍ.

Útreikningur á ferðapátttökugjaldi fylgir þessu dreifibréfi.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við Bryndísi Einarsdóttur ([bryndis@ksi.is](mailto:bryndis@ksi.is)) eða Birki Sveinsson ([birkir@ksi.is](mailto:birkir@ksi.is)).

Haukur Hinriksson

Haukur Hinriksson,  
yfirlögfræðingur hjá KSÍ.